



## FUNDARGERÐ

### 19. fundur Odda bs

**haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 31. janúar 2024  
og hófst hann kl. 08:15.**

#### Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Nanna Jónsdóttir, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

#### Dagskrá:

**1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2023 - 2302140**

Klara Viðarsdóttir, fjármálastjóri kynnti yfirlit fyrir árið 2023. Reksturinn var í ágætu samræmi við áætlun með viðaukum.

**2. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit. - 2401049**

Á fundinn mæta Kristinn Ingi Guðnason aðstoðarskólastjóri grunnskólans á Hellu og Jónas Bergmann Magnússon skólastjóri grunnskólans á Laugalandi og gera grein fyrir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

**3. Þróun grunnskólastarfs. Úttekt - 2311033**

Á fundinn mæta í fjarfundi Ingvar Sigurgeirsson og Lilja M. Jónsdóttir ráðgjafar hjá Skólastofunni slf og gera grein fyrir stöðu á vinnu við úttekt og þróun á grunnskólastarfi í sveitarfélaginu og næstu skrefum.

Stjórn þakkar Ingvari og Lilju fyrir upplýsingarnar.

**4. Skólastjóri Laugalandsskóla. Ráðning - 2401050**

Rætt um ferli við ráðningu skólastjóra Laugalandsskóla. Lagt til ráða Ingvar Sigurgeirsson co. Skólastofuna slf sem ráðgjafa við ráðningarferlið. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

**5. Starfsmannastefna Endurskoðun. - 2312030**

Rætt var um starfsmannastefnu byggðarsamlagsins en Rangárþing ytra hefur samþykkt að hefja vinnu við endurskoðun á starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Lagt til að unnin verði

sér starfsmannastefna fyrir byggðasamfélagið Odda bs. samhliða vinnu við endurskoðun á starfsmannastefnu Rangárþings ytra.

Samþykkt samhljóða.

**6. Menntaverðlaun Suðurlands 2023 - opið fyrir tilnefningar - 2401047**

Lagðar fram upplýsingar frá SASS um tilnefningar til Menntaverðlauna Suðurlands 2023. Stjórn Odda bs. felur framkvæmdastjóra að senda inn tilnefningu í samræmi við umræður á fundinum. Stjórn hvetur einnig íbúa og skólasamfélagið að senda inn tilnefningar fyrir 4. febrúar n.k.

Samþykkt samhljóða.

**7. Kynning á könnun - Agnieszka A. Korpak - 2401039**

Lögð fram beiðni frá Agnieszku Aureliu Korpak meistaraneoma við HÍ um leyfi til upplýsingar frá leikskólum sveitarfélagsins vegna meistaraverkefnis um rannsókn á því hvernig kennarar og leikskólustarfsmenn á Íslandi skynja áhuga sinn á tónlist.

Stjórn samþykkir að gefa leyfi til rannsóknarinnar í leikskólum sveitarfélagsins.


**8. Rekstrarkostnaður á heildsígildi í leikskólum svfl. 2022 - 2401052**

Farið var yfir samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga um rekstrarkostnað leikskóla á Íslandi fyrir árið 2022. Þar kemur fram að nettórekstrarkostnaður án innri leigu á heildsígildi í Leikskólanum Heklukoti er kr. 3.082.000 (brúttó 3.357.000), en var 2021 kr. 3.061.000 (brúttó 3.297.000), og Leikskólanum Lauglandi kr. 2.858.000 (brúttó 3.201.000), en var 2021 kr. 2.916.000 (brúttó 3.151.000).

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.**

  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Eggert Valur Guðmundsson

  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson

  
Nanna Jónsdóttir

